

GJALDSKRÁ

fyrir leyfisveitingar og þjónustu byggingarfulltrúans á Akranesi.

1. gr.

Við útgáfu byggingarleyfa og vegna annarrar þjónustu sem byggingarfulltrúinn á Akranesi veitir skal greiða þau gjöld sem gjaldskrá þessi kveður á um.

2. gr.

		kr.
Byggingarleyfisgjald:	Afgreiðslugjald (fast gjald)	4.000
	Gjald pr. m ³	40
Frankvæmdaleyfisgjald:	(heild)	4.000
Tímabundin stöðuleyfi:	fyrir hjólhýsi, gáma o.fl.	4.000
Vottorð:	Fokheldisvottorð	5.000
	Stöðuúttektarvottorð	5.000
Úttektir:	Einbýlishús, parhús og raðhús á 1 hæð	30.000
	(að meðaltali 10 útt. + lokaúttekt)	
	Einbýlishús, parhús og raðhús á 2 hæðum	35.000
	Fjölbýlishús (til og með 6 íbúðir)	35.000
	Viðbót vegna fleiri íbúða (kr. pr. íbúð)	5.000
	Annað húsnæði	52.000
	Minni byggingar (gripahús o.þ.h.)	10.000
	Stöðuúttektir	5.000
	Úttekt vegna skipta á meistara/byggingastjóra	5.000
	Húsaleiguúttektir (íbúðir)	5.000
	Húsaleiguúttektir (atvinnuhúsnæði)	7.500
	Úttekt vegna vínveitingaleyfis	5.000
	Gjald fyrir útkall þegar verk reynist ekki úttektarhæft	4.000
Mælingagjald:	Útsetning húss og lóðar (tvær mælingar)	60.000
Yfirferð séruppráttá:	Heimilt er að innheimta gjald sem nemur sannanlegum útlögðum kostnaði vegna yfirferðar séruppráttá.	

3. gr.

Byggingarleyfisgjald endurgreiðst ekki þótt leyfi falli úr gildi eða sé fellt úr gildi. Sé byggingarleyfi endurnýjað óbreytt skal greiða afgreiðslugjald.

4. gr.

Byggingarleyfisgjöld ásamt gjöldum fyrir úttektir og mælingar eru ákvörðuð og gjaldfalla við útgáfu byggingarleyfis. Önnur gjöld gjaldfalla við afhendingu tilheyrandi gagna.

5. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari miðast við vísitölu byggingarkostnaðar í janúar 2003 og skulu taka breytingum í samræmi við breytingar á vísitölunni í janúar ár hvert.

6. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af bæjarstjórn Akraneskaupstaðar, samkvæmt heimild í 53. grein skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum og samkvæmt heimild í 27. og 29. grein byggingarreglugerðar nr. 441/1998 með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Þannig samþykkt á fundi bæjarstjórnar Akraness þriðjudaginn 13. maí 2003.

Akranesi, 13. maí 2003.

Gísli Gíslason bæjarstjóri.